

**M-98/2009 Álit 26. janúar 2010**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-98/2009:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 2. desember 2009 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á húsbíl sem hann keypti hjá Y 26. maí 2009. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði viðgerð á bifreiðinni samkvæmt tveimur viðgerðarreikningum, samtals að fjárhæð kr. 568.321.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 11. desember sl., óskaði kæruneftndin eftir skýringum á kröfugerð álitsbeiðanda sem bárust 15. desember. Með bréfi, dags. 16. desember, gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 31. desember. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 18. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt afsali, dags. 23. maí 2009, keypti álitsbeiðandi bifreiðina A af Y. fyrir kr. 3.940.000. Um er að ræða húsbíl af gerðinni ....., undirtegund ....., Samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu var bifreiðin fyrst skráð 9. júlí 2004. Í afsalinu segir að bifreiðin sé seld í því ástandi sem hún sé 23. maí 2009 sem kaupandi hafi að öllu leyti kynnt sér og sé fullkomlega sáttur við að öllu leyti. Engin ábyrgð sé á bifreiðinni.

Álitsbeiðandi segir að við skoðun bifreiðarinnar haustið 2009 hafi komið fram leki í girrkassa. Hann hafi farið með bifreiðina á verkstæðið Z. og hafi þar verið „skipt um fullt af hlutum.“ Eftir þá viðgerð hafi enn verið olíuleki og því hafi hann aftur farið með bifreiðina á verkstæðið. Þá hafi komið í ljós „vitleysa í öxli, hann er innkallaður“ eins og í álitsbeiðninni segir. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda sem hafi firrt sig ábyrgð.

### **IV**

#### **Úr gögnum málsins.**

Álitsbeiðandi hefur lagt fram tvo reikninga. Báðir eru þeir dags. 2. desember 2009. Hinn fyrri er vegna vinnu 29.-30. september og kemur fram á honum að bifreiðinni hafi þá verið ekið 29.819 km. Fram kemur á reikningnum að hjólastell hafi verið losað undan, girrkassi rifinn úr, skipt um kúplingu og pakkdósir, girrkassi settur í og gengið frá hjólabúnaði. Þessi vinna kostar kr. 95.400. Keyptir varahlutir, trygging og gírolía kosta kr. 33.973. Reikningurinn er því að fjárhæð kr. 129.373 auk virðisaukaskatts kr. 31.698 eða samtals kr. 161.071.

Á síðari reikningnum er m.a. ritað eftirfarandi: „Eftir fyrri viðgerð kemur í ljós að gírkassi lekur enn olíu. Við nánari skoðun kemur í ljós framleiðslugalli á öxli í gírkassa. Þarf að setja nýjan öxul, pakkdós og legur.“ Samkvæmt reikningnum er dagana 6.-7. október er hjólastell losað, gírkassi rifinn úr og hjólastell sett undir. Dagana 26. nóvember til 1. desember er unnið við að rífa gírkassa og þrífa, setja legur á öxul, mæla bil á pakkdós og öxli o.fl. Þá er gírkassi settur saman, hjólastell losað undan, gírkassi settur í og hjólastell sett undir. Þessi vinna kostar kr. 151.050. Varahlutir ásamt gírolíu og tryggingu kosta kr. 176.057. Reikningurinn að viðbættum virðisaukaskatti nemur því kr. 407.250. Öxull í gírkassann kostar kr. 129.890 auk virðisaukaskatts. Samtala reikninganna tveggja er því kr. 568.321.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Y selur fyrirtækið m.a. nýja og notaða húsbíla og hefur þannig atvinnu af slíkum viðskiptum. Ekkert er upplýst um að álitsbeiðandi noti húsbíl sinn í atvinnuskyni. Ágreiningur aðila fellur því undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Samkvæmt afsali fyrir bifreiðinni var hún seld í því ástandi sem hún var 23. maí 2009 og skráð er að seljandi hafi kynnt sér það og sé við það sáttur að öllu leyti. Hér er rétt að benda á að samkvæmt 3. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003 eru löggin ófrávikjanleg, þ.e. að ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum. Það sem segir í afsali um að engin ábyrgð sé á bifreiðinni hefur þannig enga þýðingu í viðskiptum aðila þessa máls. Ljóst er að seljandi kvartaði innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. 2 eða 5 ár, en upphaf þeirra miðast við afhendingu söluhlutar.

Í 17. gr. laga nr. 48/2003 eru ákvæði sem sala á hlut „í því ástandi sem hann er“ og sala á uppboði fellur undir. Fyrri málsgrein 17. gr. hljóðar svo:

„Þótt sölulutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. Ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.
- b. Fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í álitsbeiðni er greint frá því að við viðgerð á bifreiðinni hafi komið í ljós galli á öxli sem hafi verið innkallaður. Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi er hér um að ræða framleiðslugalla á öxli í gírkassa, en nýr öxull kostaði kr. 129.000. Sýnist því álitsbeiðandi hafa greitt fyrir öxulinn en ekki framleiðandi bifreiðarinnar. Seljandi, Y, skilaði ekki andsvörum við álitsbeiðninni. Af því leiðir að kærunefndin verður við afgreiðslu málsins að byggja á þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur lagt fram. Samkvæmt þeim hefur að áliti kærunefndarinnar komið fram galli á bifreiðinni sem

hlýtur að hafa verið til staðar þegar álitsbeiðandi keypti hana. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að aðilar hafi gert sér grein fyrir þessum galla og ástand bifreiðarinnar var þar af leiðandi verra heldur en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið fyrri málsgreinar 17. gr. laga nr. 48/2003. Verður því að telja að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla í skilningi þessarar lagagreinar. Það leiðir til þess að samkvæmt 26. gr. laga nr. 48/2003 eignast álitsbeiðandi úrbótarétt á hendur seljanda.

Krafa álitsbeiðanda er sú að seljandi greiði viðgerðarkostnað að fullu og verður að líta á þá kröfu sem skaðabótakröfu samkvæmt e-lið 26. gr. laga nr. 48/2003. Í þeirri lagagrein segir að reynist söluhlutur gallaður, og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varðar, geti neytandi gripið til úrræða m.a. þess að krefjast skaðabóta. Við ákvörðun bótafjárhæðar verður að líta til þess að ekki verður betur séð en að fyrri tilraunin til þess að lagfæra bílinn hafi mistekist og kostnaður við viðgerðina hafi því orðið mun meiri en annars hefði verið. Ekki er hægt að leggja ábyrgð á seljanda á þeim mistökum. Eins verður að líta til þess að við viðgerðina kom nýtt í stað gamals, m.a. var skipt um kúplingu í fyrri viðgerðinni, sem leiða ætti til þess að bifreiðin endist lengur. Þegar þessi atriði eru höfð í huga þykir kærunefndinni hæfilegt að ákveða kr. 300.000 í skaðabætur til handa álitsbeiðanda.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 300.000 í skaðabætur.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir